

2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2017 - 2018 haldinn þriðjudaginn 10. október 2017 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Jónsson, Guðrún Herbertsdóttir varamaður, Jóhann Ingimundarson varamaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður. Fundinn sátu einnig Tinna Ösp Arnardóttir fulltrúi kennara, Rebekka Þurý Pétursdóttir og Steinunn Anna fulltrúi nemenda, Helga Hauksdóttir varafulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri.

Dagskrá:

Einn fundur á ári þar sem aðal- og varafulltrúar eru boðaðir.

Snjólaugu E. Bjarnadóttur óskað til hamingju með ráðingu í starf aðstoðarskólameistara.

1. Fjármál skólans

Skólameistari ánægður með stöðuna eins og hún er miðað við árstíma. Stjórnendur munu funda með ráðuneytinu síðar í vikunni og þá verður farið yfir fjármálin ofl. Mikill kostnaður er framundan við endurnýjun húsgagna t.d. í hátíðarsal. Lítil hækkun á fjárlögum 2018 en 12% hækkun boðuð á leigu húsnæðis.

2. Félagslíf nemenda

Haustönnin fór kröftuglega af stað – nýnemaferð, nýnemaball, myndataka af nemendum fyrir skólakort, þrúður hópur 55 nem. fór í Þórsmörk, skuggakosningar og stjórnmalakynning verða í vikunni, FG – Flensborgardagurinn næstkomandi föstudag. Salsaballið verður 2. nóv. Upplifun starfsmanns af böllum er að þau ganga betur en áður. Nemendaforystunni gengur vel og gott samstarf er í mörgum nefndum. Stjórnin fær góð orð fyrir frammistöðu sína á nýnemakynningunni. Kindin –útgáfunefnd- gefur út rafrænt vikulega og svo í lok árs stefna þau á útgáfu rits um allt skólaárið. Rútur heim af böllum verða ekki lengur vegna þess að fáir nýta sér það.

3. Breytingar á starfsmannamálum

Sjá minnisblað við fundargerð. Elísabet Siemsen lætur af störfum við FG og hún fær góða kveðju frá skólanefndinni og þakkar fyrir vel unnin störf. Ekki eru miklar breytingar á starfmannahaldi yfirleitt.

4. Innritun á vorönn

Fáir verða teknir inn vegna fækkunar nemendaígilda. Garðabær er að stækka en nemendum fækkar sem við getum tekið inn. Framhald leikskólabrautar í FG mun verða skoðað áfram. Innritunarreglur eru alltaf til umræðu og í stöðugri endurskoðun.

5. Önnur mál:

Athugasemd hefur borist frá foreldri til formanns skólanefndar vegna skrifa kennara við skólann. Málið er í skoðun innan skólans.

Næsti fundur skólanefndar verður 24. nóv. kl.11:45.

Fundi slitið kl.13:00.

Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri ritaði fundargerð.

